

Ed.

163. Frumvarp til laga

[93. mál]

um skattfrelsi sparifjár.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Allt sparifé landsmanna, sem geymt er til ávöxtunar innanlands á uppsagnar-
bókum eða innláns-skirteinum í bönkum, opinberum sparisjóðum eða löglegum
innlánsdeildum félaga, skal vera skattfrjálst. Sömuleiðis skulu vextir af þessu fé
vera skattfrjálsir sem tekjur, ef þeir leggjast við höfuðstólinn.

Skattfrelsi þetta nær þó aðeins til þeirra innstæðna, sem eru óuppsegjanlegar
nema með minnst 6 mánaða fyrirvara.

2. gr.

Skylt er sparifjäreigendum að gera grein fyrir hinu skattfrjálsa fé, þegar þeir
telja fram til skatts, og hvar það stendur inni, þótt það eða viðlagðir vextir þess
reiknist ekki með við útreikning skattsins.

3. gr.

Forstjórar banka, sparisjóða og innlánsdeilda eru skyldugir að svara tafar-
laust fyrirspurnum skattanefnda um upphæð skattfrjálsrar innstæðu framteljanda.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd
laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sparifjársofnun á Íslandi hefur lítil verið hin síðustu ár miðað við tekjuöflun
og umsetningu. Sparnaður er ein af þeim dyggðum, sem hrakar hjá þjóðinni. Ungt
fólk sýnir ekki sömu viðleitni og fyrr í því að safna peningainnstæðum og búa sig
þannig undir stofnun heimilis og atvinnurekstur. Aldrað fólk leggur síður en áður
fé á vöxtu til elliáranna. Allt of margir, sem hafa fé aflögu, láta það annaðhvort
„fjúka“ sem eyðslueyrir ellegar kappkosta að koma því í fasteignir eða annað, sem
til eigna telst, en er minna skattlagt heldur en innstæður og ekki sömu gildisbreyt-
ingum háð. Slíkar eignir eru þó ekki ætíð gildismiklar fyrir eigandann eða þjóð-
hagslega séð mikilsvert, að hann eignist þær.

Venjulegt sparifé er tiltækur framkvæmda- og varasjóður eigandans. Það eykur
afkomuöryggi hans og þjóðfélagsins um leið að hans leyti. En spariféð gerir meira.
Það er líka hjálp fyrir þá menn, sem vantar lánsfé.

Sparifé, sem almenningur leggur í lánsstofnanir, er eins og lækir, sem leiddir
eru saman til virkjunar. Lánsstofnanirnar eru orkuver. Þaðan kemur „afl þeirra
hluta, sem gera skal“ með lánum.

Ófullnægð lánsfjárbörf er í öllum áttum á landi okkar. Mikilsverð og aðkall-
andi verkefni bíða óleyst, af því að hvergi er lán að fá. Þau verkefni kalla á spari-
fjársofnun.

Samkvæmt framansögðu er í frumvarpi þessu bæði hugsað um hag manna,
sem geta lagt fé á vöxtu, og hagsmuni hinna, sem eru lánsfjárvana. Frumvarpið er
viðurkenning á því, að sparnaður er nauðsynleg dyggð og að sá, sem leggur fé á
vöxtu, er þarfur þjóðfélagsþegn, sem ekki á að skattleggja að því leyti, eins og nú
standa sakir á Íslandi.

Þess má vænta, að skattfrelsið örvi sparifjársofnun til stórra muna.

Hitt er svo annað mál, að líka gæti rétt verið að tryggja sparifé — eða inn-
láns- og útlánsfé yfirleitt — gegn verðgildisfalli. Sennilega mætti framkvæma þetta
á þann hátt að taka upp vísitölureikning á því eins og launum, þótt ekki sé tillaga
um slíka vísitölu gerð í þessu frumvarpi.